

Sérkennslustefna Heilsuleikskólans Álfasteins

Heilsuleikskólinn Álfasteinn byggir sérkennslustefnu sína á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar. Öll börn eiga rétt á að sækja leikskóla og fá þar kennslu og þjónustu sem miðar að þörfum hvers og eins. Stefnt skal að því að öll börn hafi sömu möguleika til þátttöku í leik, nái að njóta sín sem best og fái sem mest út úr þeim verkefnum sem þau eru að takast á við (Hafdís Guðjónsdóttir, 2008).

Snemmtæk íhlutun er þjónusta, þjálfun eða kennsla sem á sér stað snemma eða frá fæðingu barns til sex ára aldurs. Leitast er við að hafa áhrif á þroskaframvindu barns, sem er í áhættuhópi eða með frávík í þroska, með markvissum hætti eins snemma og hægt er. Íhlutun beinist að barni og fjölskyldu og á sér stað í daglegu lífi hvers barns. Lögð er áhersla á þverfaglega nálgun þar sem samvinna er á milli allra sem að barninu koma. Gerðar eru einstaklingsnámskrár og unnið út frá þeim (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008; Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Þegar áhyggjur vakna vegna þroska barns eða það hefur þörf fyrir aukna aðstoð, t.d. ef það á erfitt með að aðlagast hópnum eða getur ekki tekið þátt í daglegu starfi leikskólans á einhvern hátt, þá fer af stað ákveðið ferli. Við leggjum áherslu á gott foreldrasamstarf og að foreldrar komi að ferli sérkennslumála frá upphafi. Foreldrar og kennarar ræða saman og finna í sameiningu lausn með hag barnsins í huga.

Til að fá sem gleggsta mynd af stöðu barnsins er farið í gagnasöfnun. Það geta verið skráningar, myndbandsupptökur, greinargerðir og útfylling ýmissa lista, allt eftir þörfum hverju sinni.

Matstæki/listar:

| Matstæki | Aldur | Áhersluþættir | Hver leggur fyrir | Lagt fyrir |
|------------------------|--------------|--|-----------------------|-----------------|
| Íslenski þroskalistinn | 3ja-6 ára | Gróf- /fínhyreyfingar, tal, hlustun, sjálfsbjörg, nám | Sérkennari Kennari | Eftir þörfum |
| Smábarnalistinn | 15-38 mánaða | Mál- og hreyfiþroski | Sérkennari Kennari | Eftir þörfum |
| AAL listinn | 1-6 ára | Hegðun og atferli | Sérkennari Kennari | Eftir þörfum |
| Aseba listarnir | 1½-5 ára | Hegðun og atferli | Sérkennari Kennari | Eftir þörfum |
| Hljóm-2 | 5 ára | Hljóðkerfisvitund | Kennari | Alla |
| TRAS | 2ja-5 ára | Málþroski/Samskipti/ Félagsfærni | Sérkennari Kennari | Alla |

Kennarar og foreldrar útbúa áætlun eða einstaklingsnámskrá í sameiningu. Þeir ræða saman um þá þætti sem þeir telja mikilvægt að barnið nái tökum á og setja markmið til lengri eða skemmri tíma. Árangur er metinn eftir ákveðinn tíma og þá skoðað hvort leita þurfi eftir sérfræðipjónustu frá fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. Ef talin er þörf á því er send tilvísun þangað ásamt þeim gögnum sem aflað hefur verið um barnið.

Á Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar starfa sérkennsluráðgjafi og sálfræðingur sem leikskólar geta leitað til ef grunur vaknar um röskun í þroska. Þar fer fram forgreining, t.d. með þroskamati, en sérkennsluráðgjafi eða sálfræðingur deildarinnar kynnir niðurstöður hennar fyrir foreldrum og kennurum á fundi. Forgreiningin getur leitt til tilvísunar á aðra greiningaraðila. Sérkennsluráðgjafinn getur einnig komið í leikskólann og fylgst með barni í leik og starfi, gefið góð ráð og leiðbeint um íhlutun, auk þess sem hann tekur á móti tilvísunum í greiningu og tekur þátt í teymisfundum barna sem eru með sérkennslu. Í sumum tilfellum þarf að vísa börnum í þjálfun til sérfræðinga eins og talmeinafræðinga, iðjuþjálfara eða í sjúkraþjálfun. Lögð er áhersla á samvinnu og samræmd vinnubrögð þessara aðila, foreldra og leikskólakennara svo að barnið nái sem mestum árangri í þjálfun. Náms efni, umhverfi og kröfur eru aðlagðar að getu hvers og eins og barninu kennt að nýta styrkleika sína og hæfni. Sérkennsla í leikskóla getur m.a. falið í markvissri málörvun, þjálfun í fín- og grófhreyfingum eða félagsfærni og samskiptum.

Foreldrar, kennarar og aðrir þeir sem að barninu koma mynda teymi sem fundar reglulega, yfirlitt á 6-8 vikna fresti. Þar er farið yfir hvernig gengur heima og í leikskólanum og ákvarðanir teknar um áframhaldandi vinnu þar sem einstaklingsnámskrá er höfð til hliðsjónar. Einstaklingsnámskráin er endurmetin og uppfærð reglulega.

Þegar barn, sem komið er með greiningu eða vitað er að þarfnast sérstakrar námsaðlögunar, byrjar í leikskólanum er farið yfir gögn barnsins og haft samband við foreldra og ráðgjafa. Haft er samráð við foreldra um aðlögun og þarfir barnsins strax í upphafi, notað er aðlögunarferli skólans og það aðlagð að barninu ef þörf krefur. Tekið er mið af þörfum barnsins og lögð áhersla á að það komi inn á eigin forsendum og unnin sé einstaklingsnámskrá í samvinnu við foreldra.

Heimildir:

Hafdís Guðjónsdóttir (2008). Grunnskólaganga – einstaklingsmiðað nám. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstj.), *Þroskahömlun barna. Orsakir – eðli – íhlutun* (bls. 126–133). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jóna G. Ingólfssdóttir (2008). Íhlutun fyrstu árin. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstj.), *Þroskahömlun barna. Orsakir – eðli – íhlutun* (bls. 126–133). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Tryggvi Sigurðsson (2008). Snemmtæk íhlutun – yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstj.), *Þroskahömlun barna. Orsakir – eðli – íhlutun* (bls. 119–125). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Á Álfasteini starfar leikskólasérkennari í 25% stöðu og það er Bára Björk Björnsdóttir sem sinnir því, bara-alfasteinn@internet.is.

Starfslýsing og meginverkefni leikskólasérkennara

Starfssvið: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum sem við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Megin verkefni

Stjórnun og skipulagning:

- Skipuleggur sérkennslu á viðkomandi deild í samvinnu við deildarstjóra og sérkennslustjóra og leiðbeinir starfsfólki deildarinnar þannig að starfsfólkið taki þátt í kennslu barna sem þurfa sérkennslu.
- Gerir skriflegar einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn sem nýtur sérkennslu á deildinni í samráði við deildarstjóra og sérkennslustjóra.
- Sér um að einstaklingsnámskrám sé framfylgt og þær endurmetnar í samráði við deildarstjóra og sérkennslustjóra.

Uppeldi og menntun:

- Veitir börnum sem þurfa á sérkennslu að halda sérstaka aðstoð og kennslu.
- Gætir þess að barn sem nýtur sérkennslu einangrist ekki heldur sé hluti af hópnum og eigi hlutdeild í leikskólastarfinu.

Foreldrasamvinna:

- Vinnur í nánu samstarfi við foreldra/forráðamenn barna sem njóta sérkennslu á deildinni og situr fundi og viðtöl með þeim.
- Situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans.

Annað:

- Ber að hafa náið samstarf við sérkennslustjóra og sérkennsluráðgjafa vegna barna sem njóta sérkennslu á deildinni.
- Situr fundi þar sem fjallað er um málefni barna sem þurfa sérfræðiaðstoð eða sérkennslu á deildinni samkvæmt boðun yfirmanns eða hlutaðeigandi aðila.
- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varða starfsemi leikskólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varða sérkennslu sem yfirmaður felur honum.

Fjölskyldudeild

Ráðgjöf vegna einstakra barna fer fram frá fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. Leikskólaráðgjafi vegna sérkennslubarna annast faglega ráðgjöf til leikskólastjóra og annarra starfsmanna leikskóla vegna barna sem þurfa á sérkennslu að halda.

Sérfræðipjónusta í leik- og grunnskólum

Fjölskyldudeild sinnir sérfræðipjónustu við grunn- og leikskóla að því er varðar málefni einstakra nemenda. Skólarnir vísa málum nemenda til deildarinnar með samþykki foreldra á sérstökum tilvísunarblöðum. Einnig geta foreldrar leitað beint eftir aðstoð vegna barna sinna.

Meðferð mála

Sem dæmi um vanda barns sem leitað er aðstoðar fyrir má nefna sértæka náms-erfiðleika, þroskafrávik, hegðunarvanda, einelti og tilfinningalega erfiðleika.

Starfsmenn meta vanda barns með prófunum, viðtölum og skoðun á stöðu barnsins og gera tillögur um úrbætur í samvinnu við fjölskyldu og skóla.

Nauðsynlegt getur verið að leita eftir þjónustu víðar t.d. á [Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans](#), [Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins](#), [Þroska- og hegðunarstöð](#), [FSA](#), [HAK](#) eða hjá öðrum aðilum og vísa þá starfsmenn deildarinnar á viðeigandi stofnun í samvinnu við foreldra.

Starfsmenn skólateymis sem þjónusta leikskólastigið:

Elva Haraldsdóttir, sérkennsluráðgjafi leikskóla elva@akureyri.is

Guðný Dóra Einarsdóttir, sálfræðingur leikskóla gudnydora@akureyri.is

Yfirlit yfir þjónustu fjölskyldudeildar:

Börn 0 – 2 ára

Umsjón með þjónustu - ráðgjafi í málefnum fatlaðra og sérkennsluráðgjafi

Upplýsingar um fötlun eða grun um þroskafrávik koma frá sjúkrahúsum við fæðingu eða þegar fötlun/grunur um fötlun eða þroskafrávik vaknar. Einnig koma upplýsingar frá heilsugæslu eða Greiningarstöð.

- **Frumgreining:** Er í umsjá fjölskyldudeildar í samvinnu við aðra sérfræðinga. Þegar ljóst er að um alvarleg frávik í þroska og hegðun er um að ræða þá er vísað á sérhæfðar stofnanir til frekari greiningar s.s. Greiningarstöð ríkisins, Sjónstöð og Heyrnar- og talmeinstöð. Einnig er sótt um forgang á leikskóla til skóladeildar þegar þess gerist þörf.

- **Teymisvinna/snemmtæk íhlutun:** Ráðgjöf til foreldra út frá fötlun barnsins og þjálfun heima eða á leikfangasafni. Stuðningur við foreldra og fjölskyldu.
- **Leikfangasafn:** Á fjölskyldudeild er safn leikfanga til útlána fyrir fjölskyldur.
- **Upplýsingagjöf:** Upplýsingar til foreldra um félagsleg réttindi, s.s. heimaþjónustu, heimahjúkrunar, lækkun tekjuskatts, þjónustu Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands.
- **Umönnunarmat:** Gerðar eru tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat út frá læknisvottorði og upplýsingum frá foreldrum.
- **Samvinna fagstétta:** Samvinna er við aðra fagaðila sem koma að þjónustu við barnið eins og þörf er á og þjónustuteymi mynduð þar sem það þykir henta.
- **Stuðningur við fjölskyldur:** Foreldrar geta fengið viðtöl við sérfræðinga, upplýsingafundi fyrir alla fjölskylduna, foreldranámskeið (eru einnig í boði á Greiningarstöð) og systkinanámskeið. Koma á tengslum milli foreldra og foreldrahópa.
- **Samvinna við hagsmunasamtök:** Samvinna er við hagsmunasamtök fatlaðra, sérstaklega Þroskahjálp á Norðurlandi eystra og fræðsla skipulögð á samvinnu við þau.
- **Stuðningsfjölskyldur:** Í boði eru stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn þar sem þörf er á.

Börn 2 – 6 ára

Umsjón með þjónustu– sérkennsluráðgjafi og ráðgjafi í málefnum fatlaðra

- Upplýsingar um fötlun eða grun um þroskafrávik koma frá sjúkrahúsum við fæðingu eða þegar fötlun/grunur um fötlun eða þroskafrávik vaknar. Einnig koma upplýsingar frá heilsugæslu eða Greiningarstöð.
- **Frumgreining:** Er í umsjá fjölskyldudeildar í samvinnu við aðra sérfræðinga.
- **Teymisvinna/snemmtæk íhlutun:** Fundir með foreldrum og leikskóla þar sem veitt er ráðgjöf út frá fötlun barnsins og við einstaklingsnámskrár, þjálfunarleiðir ákveðnar og þarfir fjölskyldunnar fyrir þjónustu ræddar. Sett eru markmið sem eru metin reglulega og ný sett. Skrifaðar eru fundargerðir sem eru aðgengilegar foreldrum og öðrum í teyminu.
- **Tilvísanir:** Tilvísanir vegna þroska- og hegðunarraskana berast frá leikskólum, heilsugæslu eða foreldrum til sérfræðiþjónustu fjölskyldudeildar. Þroskamat og mat á aðlögun og hegðun er gert eftir því sem við á. Þurfi ítarlegra mat er börnum vísað á sérhæfðar stofnanir s.s. Greiningarstöð ríkisins, Barna- og unglingsgeðdeildir, Sjónstöð og Heyrnar og talmeinastöð
- **Leikfangasafn:** Á fjölskyldudeild er safn leikfanga til útlána fyrir fjölskyldur og leikskóla.
- **Upplýsingagjöf:** Upplýsingar eru veittar til foreldra um félagsleg réttindi, s.s. heimaþjónustu, heimahjúkrun, lækkun tekjuskatts, þjónustu Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands.
- **Umönnunarmat:** Gerðar eru tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat út frá læknisvottorði og upplýsingum frá foreldrum.
- **Stuðningur við fjölskyldur:** Foreldrar geta fengið viðtöl við sérfræðinga, upplýsingafundi fyrir alla fjölskylduna, námskeið fyrir foreldra og systkinanámskeið. Leitast er við að koma á tengslum milli foreldra og foreldrahópa.

- **Samvinna við hagsmunasamtök:** Samvinna er við hagsmunasamtök fatlaðra, sérstaklega Þroskahjálp á Norðurlandi eystra og fræðsla skipulögð á samvinnu við þau.
- **Stuðningsfjölskyldur:** Í boði eru stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn þar sem þörf er á.
- **PMT – foreldrafærni:** Í boði eru námskeið og meðferð fyrir foreldra.
- **Skólaskil:** Eins snemma og þurfa þykir er hafin formlegur undirbúningur að skólaskiptum úr leikskóla í grunnskóla. Sendar eru upplýsingar um börnin og sérþarfir þeirra og foreldrum boðið að heimsækja væntanlegan skóla. Að vori eru skilafundir þar sem leikskóli, grunnskóli, sérkennsluráðgjafar og foreldrar hittast þar sem fram fer miðlun nauðsynlegra upplýsinga.

Öll almenn þjónusta Akureyrarbæjar er í boði fyrir allar fjölskyldur